



Skorradalshreppur

Samkomulag um afhendingu hluts Skorradalshrepps í Laugarbúð til Ungmennafélagsins Íslendinga

Skorradalshreppur, kt 600269-0709. Mófellsstaðakoti, hér nefnt sveitarfélag, samþykkti viðauka við fjárhagsáætlun á 212. fundi hreppsnefndar, þann 4. september 2025, um heimild til að framselja Ungmennafélaginu Íslendingi, kt 660169-1649. Hanneynri, hér nefnt viðtakandi, 40% eignahlut sinn í Laugarbúð, nýju aðstöðuhúsi við Hreppslaug, að uppfylltum ákveðnum skoðunarskilyrðum, sem hafa verið uppfyllt með samkomulagi þessu.

Að framsali loknu hefur viðtakandi ekki kröfu á sveitarfélagið um frekari framlög. Viðtakandi afsalar sér sömuleiðis kröfurétti til bóta á hendur sveitarfélaginu, komi t.d. síðar í ljós að fasteign sú sem um ræðir sé haldin ágöllum.

Viðtakandi hefur haft með höndum rekstur í eigninni og þekkir því ástand umræddar eignar. Viðtakandi ber frá og með afhendingu ábyrgð á rekstri og viðhaldi fasteignarinnar og hirðir af henni allan arð. Viðtakanda er jafnframt upplýstur um það að til meðferðar er hjá Ríkisskattstjóra endurkrafa á virðisaukaskatti vegna hluta framkvæmdakostnaðar. Fáist virðisaukaskatturinn greiddur, ber viðtakanda að endurgreiða Skorradalshreppi eða sameiginlegu sveitarfélagi endurkröfuna.

Endurskoðandi sveitarfélagsins hefur yfirfarið forsendur framsalsins, samkvæmt hjálögðu fylgiblaði sem telst hluti samkomulagsins, og gerir ekki athugasemdir við það.

Á hreppsnefndarfundi nr. 218 21. janúar 2026 var samþykkt að nýta heimild í viðauka fjárhagsáætlunar 2025 að afhenda ungmennafélaginu Íslending 40% eignarhlut í Laugarbúð.

Samkomulag þetta öðlast gildi við undirritun.

Skorradalur, 21. janúar 2026

Fyrir hönd Skorradalshrepps,

Fyrir hönd Ungmennafélagsins Íslendinga
